

Að elda lasanja: Um skipulag borga

Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir*

Í greininni er varpað upp nokkrum vangaveltum um skipulagsvinnu í Reykjavík. Hugleiðingar þessar eru í framhaldi af erindi sem ég flutti 17. nóvember 2005 fyrir Félag landfræðinga, og hét „Mér líður vel – vangaveltur um skipulagsmál“. Í erindinu voru nefnd nokkur atriði sem hafa ber í huga við skipulag borga, eins og það hvernig fólk upplifir umhverfið og mikilvægi þess að huga að fjölbreytni við ráðstöfun á landi. Auðvitað eru margar og flóknar skýringar á líðan fólks, en hið manngerða umhverfi getur bætt um betur og stundum er sagt að skipulag sé rammi utan um lífsgæði.

Í stuttu máli má segja að skipulag feli í sér ráðstöfun á landi og ákvörðun um notkun á því. Í skipulagsvinnu þarf að samhæfa ýmsa þá ólíku þætti sem snerta notkun á landi.

ÓÁNÆGJA MEÐ ÞRÓUN BORGNA

Nokkuð hefur verið rætt um að framkvæmdir og skipulagsaðgerðir undanfarinna áratuga í borgum séu oft misheppnaðar. Sagt er að borgir í dag einkennist af umferðateppum, úthverfavæðingu og aðgreiningu á allri starfsemi og athöfnum fólks í þar til gerða landnotkunarreiti og samgöngubrautir. Þessu samfara eykst einangrun fólks og vanlíðan, glæpum fjölgar og óeirðum. Íbúar gagnrýna skipulag og framkvæmdir þar sem tæknihyggjan og hagkvæmni eru ráðandi gildi og þeirra daglega líf og gildismat lítið metið. Þetta sýni að skipuleggjendur og yfirvöld hafi ekki ráðið við hlutverk sitt, að skipuleggja gott borgarumhverfi.

FJÖLBREYTNÍ Í FYRIRRÚMI

Við endurskipulag borgarhverfa er víða leitast við að læra af mistökum sem einsleitt og fábreytt umhverfi getur leitt af sér og gert borgarumhverfi framandi og óaðlaðandi. Þetta er gert með því að tengja að tengja ólíka starfsemi, ólík

söguleg tímabil og ólíka kvarða. Unnið er markvisst að því landnotkun verði fjölbreytileg og þannig er skapaður grunnur til að fá fram betri nýtingu á opnum rýmum; götum, gangstéttum og gördum á ólíkum tímum dags af ólíkum hópum fólks. Þetta er oft talið algjört grundvallaatriði þegar endurskipulagt er í borg og markmiðið er að efla mannlíf og skapa betra umhverfi. Þannig eru meiri líkur á að umhverfið falli sem flestum í geð og verði notað af ólíkum hópum fólks.

Borgir þar sem mannlífið er áberandi hafa aðdráttarafl sem laðar fólk til sín. Dulinn kraftur laðar fólk að stöðum þar sem er fjölbreytlegt mannlíf. Þar sem ægir saman ólíku fólki og fjölbreyttri starfsemi á sama svæði, á sama götoreit. Þar sem eitthvað óvænt getur gerst. Staðir þar sem finna má kyrrð og ró eru einnig mikilvægir. Allt staðir þar sem fólk sækir andlega næringu.

JANE JACOBS

Hér er vel við hæfi að minnst borgarunnandans Jane Jacobs, sem lést á fyrir á þessu ári á 90. aldursári. Hún er ein af mörgum sem hafa fjallað um skipulag borga á gagnrýnin máta. Bók hennar, *The Death and Life of Great American Cities*, sem kom fyrst út 1961, markaði tímamót í viðhorfum til borgarskipulags.

Jane Jacobs hafði innsæi fyrir því sem skiptir máli í borgum, fjölbreytileika í hinu manngerða umhverfi og mannlífínu. Hún lýsti eftir skipulagsvinnu þar sem sagan væri sýnileg og notkun íbúa á borginni væri sýnd virðing. Hún benti á margvíslega þætti í atferli mannsins, hið flókna samspil íbúa og hins manngerða umhverfis. Hún vakti athygli á því hvernig ólíkir hópar nota borgina; götur, gangstéttir og garða og sagði þá vitneskju mikilvæga fyrir skipuleggjendur sem vildu viðhalda og efla mannlíf borga.

* Landfræðingur og stundakennari, jarð- og landfræðiskor HÍ. thorbk@hi.is



Mynd 1 Umferð bíla og gangandi vegfarenda. Fólk sem er að gera ekki neitt sérstakt, annað en að njóta þess að vera til. Ingólfstorg sumarið 2005.

Hún sá fyrir, þegar fyrir rúmum 45 árum, að aðgreining á landnotkun með stórtækum plássfrekum framkvæmdum, eins og hraðbrautarkerfum og háhýsa-hverfum, aðgerðir í nafni þéttingar byggðar og endurnýjunar borga, yrðu dæmdar til að mistakast, ef stefnt væri að betri borg fyrir íbúana.

SJÓNARHORN ÍBÚANNA

Þegar við horfum á skipulag og borgarrými út frá íbúum og upplifun þeirra á umhverfinu, þá verður sjónarhorn íbúanna, þeirra sem eru að nota borgarumhverfið alla daga, áhugavert. Nokkrar spurningar koma upp í hugann sem tengjast því hvernig við getum horft á borgarþróun út frá íbúunum:

- Hvernig skynjar og upplifir maðurinn umhverfið og borgina?
- Hvaða þýðingu hafa tiltekin hverfi, götur, gangstéttir, garðar og hús fyrir íbúanna?
- Hvernig er borgin notuð af ólíkum stéttum og menningarhópum?

Stærð, umfang mannvirkja og mælikvarði hafa töluvert að segja þegar við skynjum umhverfið. Fólk skynjar staði, gangstéttir, götur, hús, torg út frá tilteknu samhengi sem það sjálf er hluti af. Talað er um „mannlegan kvarða“ í þessu samhengi.

Ef við skoðum Reykjavík má segja að innan Hringbrautar og Snorrabrautar hafi hinn mannlegi kvarði verið ríkjandi að mestu leyti. Þar eru götureitir minni og fjölbreyttnin meiri en síðar varð annars staðar í borginni, með stórtækari verkefnum og afmörkun í stærri landnotkunarreiti. Því jafnvægi sem hefur ríkt að mestu í gamla miðbænum er nú ógnað með stórtækum skipulagsverkefnum með hrikalegu byggingarmagni ásamt hefðbundinni aðgreiningu landnotkunar, oft algjörlega úr takti við hið nánasta umhverfi. Skuggahverfið, Tónlistarhúsið sem nú er verið að byggja og umhverfi þess eru nærtæk dæmi.

Rætt er um að þetta þurfi byggðina til þess að nýta borgarlandið betur og skapa grundvöll fyrir styttri ferðir borgarbúa og draga þannig úr umferð. Um leið myndist grundvöllur



Mynd 2 Oft þarf ekki mikið til. Rómaborg, tvö bílastæði tekin undir kaffihúsaadstöðu. Mynd tekin í október 2004.

fyrir meira mannlíf. Þannig verði skapað betra umhverfi fyrir borgarbúa. En þétting byggðar felur ekki sjálfkrafa í sér betra mannlíf. Þegar hámarksgróði er hafður að leiðarljósi er ef til vill verið að kaffæra borgarlífið, fremur en að styrkja það.

Í Reykjavíkurborg er stórum svæðum ráðstafað fyrir fábreytta og einsleita notkun, oft tengd saman með hraðbrautarkerfum sem eru einangruð með hljóðmönnum. Þannig hefur gífurlegu miðborgarlandflæmi verið ráðstafað fyrir mjög afmarkaða hópa notenda. Dæmi um slíkt eru Háskólinn í Reykjavík og Landspítali–háskólasjúkrahús. Til þess að bjarga því sem bjargað verður ætti að tryggja að þessi svæði verði ekki einangraðar einingar, heldur hluti af því borgarlandi sem fyrir er og vel tengd við næsta nágrenni. Þá þarf þarf að opna svæðin fyrir landnotkun og starfsemi, sem getur laðað fram meiri fjölbreytni. Þetta gætið verið heilsutengd þjónusta, fræðsla og útivist, eftir því sem við á.

STAÐIR SEM HAFNA ÞÝÐINGU

Þegar horft er á borgir með upplifun mannsins og notkun hans á borginni, skiptir máli að greina og vinna markvist með staði þar sem fólk kemur saman.

Austurvöllur, Ingólfstorg, Laugavegur og Skólavörðuholtið eru dæmi um staði sem fólk sækir af ýmsum ástæðum. Tónleikar Sigur Rósar á Miklatúni í sumar eru gott dæmi um það hvernig vannýtt rými verður að þýðingarmiklum stað. Túnið



Mynd 3 Langur, fábreytilegur veggur og leiðin verður löng. Skuggahverfi. Mynd tekin sumarið 2006.

sem bara „var þarna“ og allir vissu af, en fáir notuðu, er allt í einu orðið mikilvægur staður jákvæðrar reynslu og brautin rudd fyrir fleiri upþákomur.

Í borginni eru mikið af svipuðu rými sem má gera að þýðingarmeiri stöðum og borgarbúar gætu notað meira. Nefna má örfá dæmi: Hljómskálagarðurinn, Arnarhóll, Öskjuhlíð, Viðey, Landakotstún og Hagatorg.

REYKJAVÍK – TOGSTREITA MILLI ÞESS SEM STEFNT ER AÐ OG AÐFERÐUM SEM BEITT ER

Þótt stefnt sé að betra umhverfi fyrir borgarbúa virðist ekki alltaf augljóst að slík áform gangi eftir í Reykjavík á síðustu árum. Er verið að skipuleggja með hagsmuni íbúanna – notendanna – að leiðarljósi? Eða er verið að skipuleggja og hanna mannvirki og umhverfi einungis með hagkvæmni og arðsemi að leiðarljósi?

Landi er ráðstafað og það skipulagt eftir algildum flokkunaraðferðum þar sem höfð er að leiðarljósi skörp aðgreining á hverri tegund starfsemi og notkun á landi takmörkuð frá annarri notkun. Þannig



Mynd 4 Útikaffihús á Lækjartorgi breytir torginu í stað þar sem fólk getur komið. Mynd tekin sumarið 2006.



Mynd 5 Skúlagata er dæmi um hvernig getur farið þegar byggt þétt og hátt, landnotkun einhæf og mannvirkin óaðlaðandi í götuhæð. Hver hefur ánægju af að ganga þarna um?

eru uppfyllt skilyrði í lögum, reglugerðum og skilmálum á sviði skipulags. Þessi aðferðafræði er hins vegar ekki alltaf í takt við þau markmið sem oft eru sett fram, um iðandi og fjölbreytileg mannlíf.

Skipulag og framkvæmdir í borginni í dag virðast víða vera andstæða þess blandaða og lifandi borgarumhverfis sem marga dreymir um.

SKIPULEGGJUM BETRI BORG

Skipulagsvinna þarf að verða sveigjanlegri og opna þarf fyrir fleiri möguleika á samþættri notkun húsnæðis fyrir íbúðir, þjónustu, skrifstofu og verslunarrými um alla borg. Krafa um fjölbreytni í götuhæð og ólíka starfsemi á sama göturreit á við á miklu fleiri stöðum í borginni en á litlum, afmörkuðum miðborgarkjarna sem nær að mestum hluta yfir neðri hluta Laugavegs og Skólavörðustígs.

Það er krefjandi verk að tengja ólíka notkun saman svo vel fari og í því

felst nokkur áskorun: Að tengja ólíka mælikvarða, stórar einingar og smáar. Að tengja saman gamalt og nýtt, gömul hús og ný. Einnig, þar sem því verður við komið, að blanda ólíkri umferð saman, en ekki að skilja að með hljóðmönnum. Það þarf að hafa ólíka notendur borgarinnar – borgarbúa – í fyrirrúmi og í samráði, til að ná fram fjölbreytni í skipulagi borgarlands sem styrkir fjölbreytilegt mannlíf.

AÐ ELDA LASANJA

Hægt er segja um það, sem oft er í skipulagi kallað blönduð landnotkun, sé eins og að bera fram kjötsósu í einu fati og lasanjablötur í öðru, stilla þessu upp hlið við hlið og segja: „Gjörið þið svo vel. Fáðið ykkur lasanja.“ Það hlýtur að vera hægt að kokka upp lystugri og betri rétti úr kokkabókum borgarskipuleggjenda.